

Fréttabréf EÍ  
Nr. 2, feb. 1983

Stofnun Eðlisfræðifélags Íslands.

A áttunda áratugnum fjöldaði íslenskum eðlisfræðingum ört og farið var að tala um að stofna til félagsskapar meðal þeirra á borð við Stærðfræðafélag og Jarðfræðifélag. Það ýtti einnig á eftir, að eðlisfræðifélög á öðrum Norðurlöndum voru að bindast samtökum, m.a. um útgáfu tímaritsins *Physica Scripta*, og var íslenskum eðlisfræðingum boðin þátttaka í þessu samstarfi.

Í aprílmánuði 1977 tóku nokkrir eðlisfræðingar sig saman og boðuðu til fundar til að ræða stofnun eðlisfræðifélags. Í greinargerð með fundarboðinu sagði m.a.:

"A undanförnum árum hefur fjöldað ört þeim íslendingum sem lokið hafa háskólaprófi í eðlisfræði eða skyldum greinum. Við teljum tímabært að þessi hópur myndi með sér félag til eflingar eðlisfræði á Íslandi. Auk þeirra verkefna sem biða slíks félags heima fyrir er rétt að minna á að alþjóðleg samvinna eðlisfræðinga hefur farið vaxandi að undanförnu og er nauðsynlegt að íslenskir eðlisfræðingar stofni með sér samtök til þess að geta tekið þátt í þeirri samvinnu með eðlilegum hætti. Eðlisfræðingar á Norðurlöndum hafa með sér sérstaka samvinnu og gefa m.a. út tímarit, *Physica Scripta*. Samtök þeirra hafa í smiðum skrá um alla eðlisfræðinga á Norðurlöndum. Þá hafa samtök evrópskra eðlisfræðinga, European Physical Society, eflst mjög á síðastliðnum áratug. Gangast þau bæði fyrir ýmis konar ráðstefnum og hafa hönd í bagga um tímaritaútgáfu. Eðlisfræðifélag Íslands mundi m.a. sjá um samskipti íslenskra eðlisfræðinga við fyrrnefnd erlend samtök, hafa milligöngu um hagstæð tímaritakaup o.s.frv."

Fundurinn var haldinn 25. apríl í húsi Raunvísindastofnunar og var til hans boðið um 50 manns með háskólapróf í eðlisfræði eða skyldum greinum, búsettu á Íslandi, en auk þess var vitað um a.m.k. 30 íslenska eðlisfræðinga búsetta erlendis. Eftir nokkrar umræður var ákveðið einróma að stofna Eðlisfræðifélag Íslands og varð fundurinn jafnframt fyrri hluti stofnfundar félagsins. Voru þar samþykkt lög og kosin stjórn. Framhaldsstofnfundur var haldinn 10. nóvember 1977. Alls urðu stofnfélagar 34.

Þorbjörn Sigurgeirsson